

Sp. 255. Tillaga til þingsályktunar [238. mál]

um framtíðarskipan kennaramenntunar.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Svavar Gestsson, Guðrún Helgadóttir,
Skúli Alexandersson, Ragnar Arnalds.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða inntak og skipan kennaramenntunar fyrir grunnskóla- og framhaldsskólastig.

Í þessu skyni verði sett á fót nefnd á vegum menntamálaráðuneytisins með fulltrúum frá samtökum kennara og stofnunum sem annast kennaramenntun. Nefndin fjalli m.a. um

1. hvernig best verði hagað innbyrðis tengslum menntastofnana fyrir kennara og framtíðaruppbyggingu þeirra, bæði til skemmri og lengri tíma,
2. hvernig tryggð verði nauðsynleg endurnýjun og endurskoðun einstakra greina í kennaranámi,
3. hvernig tengja megi nám í uppeldis- og kennslufræðum námi í væntanlegum kennslugreinum kennaraefna,
4. hvaða leiðir séu vænlegastar til að tryggja endurmenntun og starfstengda framhaldsmenntun kennara og skólastjóra, svo og menntun annarra starfsmanna í skólakerfinu, og hvernig best verði séð fyrir þörfum landsbyggðarinnar í þessu tilliti,
5. hvert eigi að vera hlutverk kennaramenntunarstofnana í skólaþróun og nýbreytni í starfi skólanna,
6. hvernig bæta megi úr skorti á fræðilegum upplýsingum um þróun skólakerfisins og tengsl þess við samfélagið og hvernig tryggja megi nauðsynlegar rannsóknir á þessum efnum,
7. hvaða breytingar er æskilegt að gera á gildandi lögum og reglugerðum til að ná þeim markmiðum sem nefndin gerir tillögur um.

Liður í störfum nefndarinnar verði að afla vitneskju um hvernig háttáð er kennaramenntun erlendis, einkum í löndum OECD.

Nefndinni verði séð fyrir starfslíði og starfsaðstöðu og við það miðað að hún skili álitni haustið 1988.

Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

1. Núverandi skipan kennaramenntunar: Stutt lýsing.

Eins og sakir standa er engin heildarlöggjöf til um kennaramenntun á Íslandi. Hver menntastofnun kennara starfar eftir sérstökum lögum. Þannig er allmörgum stofnunum ætlað að sinna menntun kennara fyrir grunn- og framhaldsskólastig.

Grunnmenntun.

Samkvæmt lögum nr. 38/1971 annast *Kennaraháskóli Íslands* menntun flestra þeirra sem hyggja á grunnskólakennslu. Grunnmenntun til kennaraprófs (B.Ed.-prófs) er þriggja ára nám (90 einingar); þriðjungi er varið til náms í uppeldis- og kennslufræðum, þriðjungi til náms í kjarnagreinum og þriðjungi til náms í valgrein/valgreinum. Hvað list- og verkgreinar áhrærir er Kennaraháskólanum samkvæmt gildandi lögum aðeins falin menntun kennara í handavinnu og smíðum. Síðan 1978–79 hefur kennaranemum í skólanum þó verið heimilt að velja tónmennt og hússtjórn sem valgrein (30 einingar). Að öðru leyti fer menntun kennara í list- og verkgreinum fram í sérstökum skólastofnunum (sérskólum), tónmenntakennara í *Tónlistarskólanum í Reykjavík*, kennaradeild (sbr. reglur nr. 181/1959), myndmenntakennara í *Myndlista- og handíðaskóla Íslands* (sbr. lög nr. 38/1965) og íþróttakennara í *Íþróttakennaraskólanum á Laugarvatni* (sbr. lög nr. 65/1972). Einnig mætti telja *Fósturskóla Íslands* og *Proskapjálfskóla Íslands* til kennaramenntunarstofnana í víðum skilningi orðsins.

Háskóli Íslands annast menntun flestra þeirra sem stefna að kennslu á framhaldsskólastigi. Samkvæmt lögum nr. 51/1978, um embættisgengi kennara, sem og skv. lögum nr. 48/1986, um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum kennara, er taka gildi um næstu áramót, eru tilskildar 60 einingar í sérgrein og 30 einingar í uppeldis- og kennslufræðum til kennsluréttinda í framhaldsskólum. Til þess að fullnægja þessum ákvæðum bæta þeir stúdentar, sem lokið hafa B.A.- eða B.S.-prófi, við sig sem svarar eins árs námi í uppeldis- og kennslufræðum; þetta nám fer fram í félagsvísindadeild Háskóla Íslands. Aftur á móti hefur sú skipan verið við lýði frá árunum 1976–78, samkvæmt ákvörðun menntamálaráðuneytisins, að Kennaraháskólinn veitir kennaraefnum í verklegum greinum framhaldsskóla þá menntun í uppeldis- og kennslufræðum sem tilskilin er samkvæmt ofangreindum lögum.

Endurmenntun.

Kennaraháskóli Íslands annast í samvinnu við menntamálaráðuneytið endurmenntun kennara á grunnskólastigi.

Háskóli Íslands sinnir ekki endurmenntun kennara á framhaldsskólastigi að öðru leyti en því að hann greiðir að hluta laun endurmenntunarstjóra og leggur til skrifstofu- og kennsluáðstöðu. Annars ber Háskólinn ekki kostnað af endurmenntunarnámskeiðum fyrir framhaldsskólakennara sem haldin hafa verið síðan 1984.

Framhaldsmenntun.

Kennurum með full kennsluréttindi gefst ekki kostur á að stunda hér á landi skipulegt framhaldsnám er leiði til magisters-gráðu (M.Ed.-gráðu) á sviði uppeldis- og kennslufræða. Vísi að skipulegu framhaldsnámi má kalla það tveggja ára nám í sérkennslu sem fram fer (síðan 1985) við Kennaraháskólann samkvæmt heimild í lögum og með sérstakri heimild menntamálaráðuneytisins. Þetta nám veitir aftur á móti ekki formlega prófgráðu umfram kennarapróf (B.Ed.-próf).

Nám til B.A.-prófs í uppeldisfræði.

Samkvæmt reglugerð um Háskóla Íslands frá 22. jan. 1976 var uppeldisfræði formlega bætt í tölu B.A.-prófsgreina við skólann. Síðan hefur kennsla í uppeldisfræði til B.A.-prófs verið starfrækt í félagsvísindadeild en Kennaraháskólinn á enga aðild að þessu námi.

Fyrri tilraunir til endurskoðunar laga.

Samkvæmt lögum um Kennaraháskóla Íslands frá 1971 var kveðið svo á að efna skyldi til endurskoðunar á þeim að tveimur árum liðnum. Árið 1974 setti þáverandi menntamálaráðherra á fót nefnd til að sinna þessu verkefni. Frumvarp til nýrra laga um Kennaraháskólann var lagt fyrir 98. löggjafarþingið 1976–77; í framhaldi af því var leitað umsagnar margra aðila. Frumvarpið var síðan lagt aftur fyrir Alþingi 1977–78 (188. mál) en náði ekki að verða að lögum.

Á 107. löggjafarþinginu 1984–85 lagði menntamálaráðherra fram frumvarp til laga um Myndlistarháskóla Íslands. Þetta frumvarp náði ekki fram að ganga. Í janúar 1986 skipaði núverandi menntamálaráðherra nefnd til að endurskoða lög um Íþróttakennaraskólann á Laugarvatni. Nefndin hefur ekki enn lokið störfum.

2. Nokkur álitamál.

Eins og lýsingin hér að framan ber með sér, er ekki um að ræða heildstæða skipan kennaramenntunar í landinu. A.m.k. fimm stofnanir, sem lítil tengsl hafa sín á milli, sjá um menntun kennara á ólíkum stigum og sviðum. Þó má vera ljóst að á mikilvægum námssviðum hljóta kennarar ófullnægjandi undirbúning fyrir starf sitt, jafnvel þótt lög kunni að mæla fyrir um annað.

Að undanförunu hefur gagnrýni á skipan og afköst skólakerfisins og hlut kennara vaxið til muna. Ýmist draga menn í efa að kennarar geti sinnt hinu nýja uppeldishlutverki sem samfélagsbreytingar leggja þeim á herðar í sívaxandi mæli eða þeir gagnrýna ónóga þekkingu kennara í kennslugreinum og telja að nám þeirra í uppeldis- og kennslufræðum og færni til starfs svari ekki kröfum um faglegan undirbúning kennara nú á tímum.

Það má vera augljóst að kennaramenntunin getur ekki, svo sem eðlilegt og nauðsynlegt væri, bæði þjónað sameiginlegu hlutverki ólíkra námsstiga og námssviða og sinnt sérstökum markmiðum þeirra í samræmdu skólakerfi nema nokkurt samræmi sé í þeirri menntun sem kennaramenntunarstofnanir láta í té. Til þess að tryggja sameiginlega skipan kennaranáms þarf að skilgreina námsmarkmið, inntak og námskröfur fyrir kennara á grunn- og framhaldsskólastigi bæði í almennu vísindalegu námi og námi sem bundið er einstökum kennslugreinum. Það þarf að meta vægi og tengsl almennra og sérstæðra þátta í náminu með hliðsjón af kennslu á einstökum starfssviðum og þrepum skólans; jafnframt þarf að skipuleggja nám á sérsviðum með heildarskipan skólakerfisins og sameiginlegt hlutverk kennara að leiðarljósi.

3. Ábendingar um verkefni nefndarinnar.

Mörg viðfangsefni þeirrar nefndar, sem tillagan gerir ráð fyrir, eru álitamál. Nefndinni verður því að sjálfsgöðu ekki markaður þröngur rammi til starfa heldur verður hér fyrst og fremst minnst á fáein meginatriði — og snerta þau raunar öll þá gagnrýni sem íslenskt skólakerfi hefur, með réttu eða röngu, sætt á síðustu missirum. Til þess að unnt sé að marka stefnu um framtíðarskipan kennaramenntunar er nauðsynlegt að fyrst sé tekist á við þessi álitamál.

A. Hlutverk kennarans.

Í hinum öru samfélagsbreytingum síðustu áratuga hefur uppeldishlutverki heimilanna verið velt í stauknum mæli yfir á kennara og skóla (sbr. skýrslu menntamálaráðuneytisins um endurmat á störfum kennara 1985). Í þessu sambandi má benda á einstaka uppeldisþætti

eins og einbeitingu, almennan aga og máluppeldi. Ljóst er einnig að skólar þurfa í vaxandi mæli að einbeita sér að því að miðla menningararfi þjóðarinnar og vernda hann, en uppalendur á heimilunum önnuðust slíkt langt fram á þessa öld. Svo verður ekki nema tryggð sé víðtæk almenn menntun allra kennara, auk sérmenntunar þeirra til starfs. Nauðsynlegt er að skilgreina hlutverk kennara og starfsundirbúning í ljósi þessara þátta.

B. Umfang og uppbygging náms í kennslugreinum.

Hlutverk, umfang og skipan náms í aðalgrein og aukagrein, kjarna- og valgreinum kennaraefna, orkar tvímælis. Jafnvel framhaldsskólakennari kennir sjaldan eina námsgrein en undirbúningi hans í öðrum greinum en aðalgrein er oft mjög ábótavant. Skipan og inntak náms og kennslu í greinunum hlýtur að taka mið af skipan náms og kennslu í skólunum jafnframt því sem leitað er þeirrar dýptar sem þekkingarmarkmið greinanna sjálfra mæla fyrir um. Inntak og lengd kennaranáms verða því ekki skilgreind án þess að höfð sé hliðsjón af þessu tvíþætta markmiði.

C. Tengsl kennslufræða og einstakra kennslugreina.

Eitt helsta ágreiningsmál í umræðum um kennaramenntun er hvernig haga skuli tengslum kennslufræða við einstakar námsgreinar og aðrar menntagreinar kennaraefna. Engri heildarskipan verður komið á inntak kennaranámsins án þess að leitað sé fullnægjandi lausnar á þessu flókna og umdeilda vandamáli, en slík lausn skiptir sköpum bæði fyrir fræðilegt ágæti og hagnýtt gildi kennaramenntunarinnar.

D. Tengsl fræðilegs og hagnýts náms.

Gagnrýni kennara og kennaranema hefur ekki síst beinst að tengslum fræðilegs og hagnýts náms. Hafa sumir talið „hagnýta“ námið (t.d. kennsluæfingar) standa í of lausum tengslum við annað, aðrir talið „fræðilegan“ hluta kennaranámsins of stóran. Nauðsynlegt er að brjóta til mergjar hvort tveggja, hugmyndina og framkvæmdina. Í þessu sambandi er ástæða til að huga að því hvort ekki sé tímabært að koma á reynsluári fyrir nýbakaða kennara undir stjórn reyndra handleiðslukennara.

E. Kennaramenntun og nýbreytni í skólastarfi.

Gagnstætt fyrri tíð kalla æ öri þjóðfélagsbreytingar á sífellda þróun skólakerfisins til að bregðast við þeim. Ef vel á að vera þarf kennarastéttin að taka virkan þátt í þróun skólakerfisins og þróunarstarfi skólanna. Eðlilegt er því að spurt sé hvernig kennaramenntunarstofnanir geti menntað sérhæft starfsfólk til þátttöku í þróunarverkefnum og stuðlað að færni kennara almennt til þeirrar þátttöku, svo og hvernig stofnanirnar geti sjálfar tekið þátt í nýbreytni og þróunarstarfi.

F. Æfinga- og tilraunaskólar.

Ljóst er að vegur Æfinga- og tilraunaskóla Kennaraháskóla Íslands þarf að vaxa ef nýbreytnistarfi í skólum á að vera markviss liður í skólaþróun. En einnig er ljóst að hvorki hefur ein stofnun bolmagn til að standa að þróunarstarfi fyrir skólakerfið í heild né væri það æskilegt að fá slíkt hlutverk í hendur einni stofnun. Æfinga- og tilraunaskólar verða því að rísa í öllum fræðsluumdæmum til að sjá um markviss þróunarstarf undir yfirstjórn Kennaraháskólans, sem og um hagnýta þjálfun kennaraefna.

G. Tengsl Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands.

Framangreind atriði vekja til umhugsunar um stofnunargrundvöll kennaramenntunar. Ef kennaramenntun á — eins og eðlilegt er um æðri menntun fagmanna — að vera

vísindaleg menntun verður ekki hjá því komist að huga að tengslum kennaranáms við Háskóla Íslands. Athuga þarf hvernig kennaranámsskólarnir gætu unnið saman, tengst skipulagsböndum, menntað til rannsókna og staðið að rannsóknum sameiginlega, skipst á kennurum og nemendum, menntað nemendur sameiginlega og veitt þeim réttindi sameiginlega. Þótt ekki yrði horfið að því í bráð að sameina skólana formlega þarf að fara fram athugun á því á hvern hátt verði komið á samvinnu eða sameiginlegri skipan sem gæti leitt til sameiningar stofnananna þegar fram líða stundir.

H. Rannsóknir — skólarannsóknir.

Nauðsynlegt er að tryggja, öflugar rannsóknir og upplýsingaöflun um skólakerfið og skólastarf, svo og að niðurstöður þeirra berist hratt og örugglega til þeirra stofnana sem annast undirbúning undir starf í skólunum. Það hefur háð kennaramenntun mjög hversu lítið er vitað um ýmsa eiginleika menntakerfisins og þeirrar starfsemi sem fer fram innan þess, svo og um viðhorf þeirra sem aðild eiga að því. Jafnframt er til álita hvort kennarar þurfi ekki að taka mun virkari þátt í könnunum og rannsóknarstarfi en hingað til — og haga menntun þeirra í samræmi við það. Einnig þarf að taka hlutverk Rannsóknarstofnunar uppeldismála til athugunar í þessu sambandi.

I. Grunnmenntun — framhaldsmenntun — endurmenntun — símenntun.

Aldrei hefur verið jafnljós og nú nauðsyn endur- og símenntunar til hvers konar starfa. Nútímapjöldfélag gerir síauknar kröfur til að menn geti brugðist við nýjum og áður óþekktum aðstæðum. Nauðsyn ber til að kennaramenntunarstofnunum sé gert kleift að sinna þörfum kennarastéttarinnar í þessu efni án þess að dragi úr skyldum þessara stofnana til að sinna grunn- og framhaldsmenntun í hefðbundnum skilningi.

J. Vísindaleg menntun — fagmennska — stofnanir.

Flest af því sem nefnt er að framan vekur spurningar um með hvaða hætti unnt sé að reisa fagmenntun kennara á vísindalegum grunni. Allar aðstæður í samtíð og náinni framtíð benda til þess að kennarastéttin geti ekki valdið svo vel sé samfélagslegu hlutverki sínu nema hún eflist að faglegri vitund, ábyrgð og hæfni. Þegar leita skal leiða að því marki verður ekki komist hjá því að taka stofnanalegt skipulag kennaramenntunar í landinu til heildstæðrar endurskoðunar. Meðal annars virðist óhjákvæmilegt að taka afstöðu til þess hvort stefna skuli að því að sameina alla kennaramenntun í einni háskólastofnun eða undir yfirstjórn slíkrar stofnunar.

4. Starfsaðstaða og starfshættir nefndarinnar.

Tillagan gerir ráð fyrir að nefndinni verði séð fyrir nauðsynlegu starfsliði og annarri aðstöðu til að geta rækt vel verkefni sitt og að kostnaður vegna starfa hennar greiðist úr ríkissjóði. Hér er í senn um vandasamt og allumfangsmikið verk að ræða og skiptir afar miklu að þar takist vel til. Æskilegt er að hafa nefndina sjálfa ekki fjölmenna, og væru fimm til sjö manns eðlileg mörk í því efni. Þeim mun nauðsynlegra er að nefndin geti haft gott samstarf og samráð við þá er mál þetta einkum varðar, stofnanir, samtök og einstaklinga. Slíkt verður ekki rækt nema nefndinni verði búin góð skilyrði til starfa af hálfu menntamálaráðuneytisins.

Samkvæmt tillögunni er nefndinni ætlað um ár til starfa, þ.e. miðað er við að hún verði komin af stað með verkefni sitt seinni hluta sumars 1987.